

50 króna aukagjald til rikissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Þriðjudaginn 4. nóvember 1947.

Nr. 153/1944. Þormóður Eyjólfsson

(Hrl. Einar B. Guðmundsson)

gegn

Gesti Fanndal og gagnsök

(Hrl. Theódór B. Líndal).

Deilt um uppskipunar- og afgreiðslugjald.

Dómur hæstaréttar.

Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 19. des. 1944. Krefst hann sýknu af kröfum gagif-áfrýjanda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 28. febr. 1945 að fengnu áfrýjunarleyfi 27. s. m. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að afhenda honum þá 90 sekki af fóðurmais og þau 15 stk. af umbúðapappír, sem í málinu greinir, án þess að frekara afgreiðslugjald sé innt af hendi. Svo krefst hann og samtals kr. 2175.99 úr hendi aðaláfrýjanda. Til vara krefst hann staðfestingar héraðsdómsins. Hvernig sem málið fer, krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með vætti nokkurra vitna verður að telja sannað, að aðaláfrýjandi hafi hækkað uppskipunar- og afgreiðslugjald á vörum úr 34 krónum í 50 krónur fyrir smálest hverja um mánaðamótin október—nóvember 1942, og að breyting þessi á gjaldinu hafi verið auglýst í vörugeymsluhúsi hans og skrifstofu, svo sem venja hafði verið til áður. Þá hefur gagnáfrýjandi ekki leitt nægilegar líkur að því, að hækkun

gjaldsins hafi verið bersýnilega ósanngjörn. Þykir því bera að taka til greina kröfu aðaláfrýjanda um sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Þormóður Eyjólfsson, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Gests Fanndals, í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 2. nóvember 1944.

Með stefnu, dags. 27. júní s. l., að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, krefst stefnandinn, Gestur Fanndal kaupmaður, Siglufirði, að stefndi, Þormóður Eyjólfsson, afgreiðslumaður og konsúll, Siglufirði, verði dæmdur til þess að afhenda sér 90 sekki af fóðurmais og 15 stk. af pappírsumbúðum, sem stefndi haldi fyrir stefnanda, óskemmt og sér að kostnaðarlausu, og endurgreiða sér kr. 175.99, er hann hafi ofgreitt stefnda, og greiða sér 2000 króna bætur fyrir tjón, er stefnandi hafi beðið við það, að stefndi hafi haldið fyrir honum vörunum, auk málskostnaðar samkvæmt reikningi, til vara eftir mati réttarins, að því er til málskostnaðar komi. Í málflutningnum hefur enginn málskostnaðarreikningur verið lagður fram, og kemur þá aðeins málskostnaðarvarakrafan til greina.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina: Með skipum Eimskips, sem stefndi er afgreiðslumaður fyrir, fékk stefnandi í nóvember og desember 1942 ýmsar vörur hingað frá Reykjavík, þar af 100 sekki af fóðurmais og 15 stk. af pappírsumbúðum. Fékk stefnandi afhenta 10 sekki af umræddum fóðurmais, en 90 sekkir af fóðurmais og 15 stykki af pappírsumbúðum eru enn hjá stefnda og hafa ekki fengizt afhent enn vegna deilu aðilja um uppskipunargjald það, er greiða beri. Hefur stefndi haldið eftir vörum þessum til tryggingar greiðslu á kr. 412.95, en síðar hafi þó af því greiðzt kr. 9.74 og sé því haldið eftir nú vörunum til greiðslu á kr. 403.21 og auk þess til tryggingar greiðslu á kr. 152.60, sem sé ógreitt uppskipunargjald af vörum, komnum í febrúar 1943. Hafði stefndi krafði stefnanda um kr. 2271.45 fyrir uppskipun vara í nóvember og desember, en stefnandi aðeins af þeim reikningi greitt kr. 1858.50 plús 9.74, og vantar þá á kröfu stefnda kr. 403.21, en stefnandi telur sig hafa ofgreitt kr. 179.99.

Stefndi hafði, að því er hann fullyrðir, hækkað uppskipunar-

gjaldið 1. nóvember 1942 úr 34 krónum á smálest, sem það hafði verið þá að undanfögnu, upp í 50 krónur á smálest, en stefnandi, sem vefengir, að þessi hækkun hafi átt sér stað 1. nóvember, heldur eftir 19. desember (1942), telur sér óskýlt að greiða nema 34 krónur á smálest. Eru kröfur aðilja, hvors um sig, miðaðar við þetta, stefnanda við 34 króna uppskipunargjald á smálest, en stefnda við 50 krónur á smálest. Kveður stefnandi sig fyrst í janúar 1943, er stefndi afhenti honum uppskipunarreikninginn, hafa fengið að vita um hækkunina á uppskipunargjaldinu, eða rúmum 2 mánuðum seinna en hún átti að ná að gilda frá.

Stefnandi telur hækkun stefnda á uppskipunargjaldinu stríða á móti lögum 99/1942 og auglýsingum nr. 100 frá 1 $\frac{1}{2}$ 1942 og á þá við, að hækkunin hafi gerzt eftir 1 $\frac{1}{2}$ 1942. Sem sönnun fyrir, að stefndi hafi hækkað uppskipunartaxtann 1. nóvember 1942, tilfærir stefndi hins vegar vottorð Gísla Jónssonar, afgreiðslumanns hjá stefnda, og hefur stefnandi mótmælt því sem röngu og villhöllu.

Stefndi hefur upplýst í málinu, að uppskipunartaxti hafi verið hjá sér á árinu 1942 sem hér segir:

jan.—júni	18 kr. pr. smálest
júli—ágúst	20 — — —
sept.—okt.	34 — — —
nóv.—des.	50 — — —

Á sama tíma var vísitalan, sem hér segir, eins og notorískt er: janúar—júni 183 stig (nema í maí 182), júlí 183 stig, ágúst 195 stig, september 210 stig, október 250 stig, nóvember 260 stig, desember 272 stig.

Í janúar	1943 varð vísitalan	263 stig
Í febrúar	1943 varð vísitalan	262 stig
Í marz	1943 varð vísitalan	262 stig
Í apríl	1943 varð vísitalan	261 stig

Eins og fyrr segir, hækkar október vísitalan, 250 stig, upp í 260 stig í nóvember eða um 4%. Stefndi segist hafa hækkað á sama tíma (1. nóvember) uppskipunargjaldið úr 34 krónum á smálest í 50 krónur eða um 47,06%. Það er notorískt hér í Siglufriði, að á þeim tíma var grunnkaup verkamanna (líka við uppskipun) óbreytt frá í september 1942. Er því hækkun sú, er stefndi telur sig hafa gert á uppskipunargjaldi 1. nóvember 1942, 47,06% hækkunin, miðuð við 4% hækkun vísitölunnar, ef hækkun uppskipunargjaldsins er miðuð við hækkun tilkostnaðar á uppskipun, þegar hækkun er gerð, að framfluttum ástæðum stefnda, en stefndi hefur enga aðra grein viljað gera fyrir því, hvers vegna hann hækkaði uppskipunargjaldið svo mjög, nema ef marka má af bréfi hans til stefnanda, dags. 8. janúar 1943, að hann telji sig einráðan yfir, hvaða gjald hann setji á uppskipunina.

Þá hefur stefnandi bent á, að stefndi hafi í téðu bréfi til sín frá 8. janúar 1943 tjáð sér, að umkrafid *uppskipunargjald* á umræddum reikningi stefnda til stefnanda væri eins og í Reykjavík og með því viljað telja sér trú um, að vörugjald til hafnarsjóðs innan lands væri *ekki* innifalið í uppskipunargjaldinu í Reykjavík. Skýrir stefnandi ómótmælt svo frá, að stefndi hafi látið sig fá Reykjavíkurtaxtann yfir upp- og útskipun, en klippt af línuna „upp- og útskipun og móttaka með vörugjaldi“. Er þetta afklippta blað lagt fram í þessu máli, og mætti af því draga þá ályktun, að í Reykjavík væri sama almenna uppskipunargjald og það, er stefndi reiknar sér, 50 krónur á smálest, en þegar taxti Reykjavíkur er óskertur sést, að í þessum taxa er innifalið vörugjaldið til hafnarinnar, en ekki í uppskipunargjalds taxa stefnda.

Stefndi kveðst svo hafa haldið sér við fyrrgreint bréf stefnda frá 8. janúar 1943 um, að uppskipunargjald það, er stefndi krefði sig um, væri eins og í Reykjavík, og þar sem vörugjaldið væri í Reykjavík innifalið í uppskipunartaxtanum, hafi hann greitt reikning stefnda, nema vörugjaldið, sem hann hafi greitt hafnarsjóði Siglufjarðar, þar sem Eimskip í Reykjavík hafi í Reykjavík innheimtu vörugjaldsins, en stefndi ekki. Stefnandi kveðst því hafa uppfyllt kröfu bréfs stefnda að greiða honum sem uppskipunargjald sama gjald og leiddi af uppskipunartaxta Eimskips í Reykjavík, en samt fékk stefnandi ekki út vörur sínar hjá stefnda vegna þess, að stefndi krafði stefnanda um uppskipunargjald, sem var vörugjaldinu *hærra* en uppskipunartaxti Eimskips í Reykjavík. Vörugjald af vörum þessum var kr. 403.21, en miðað við 34 króna taxtann, sem stefnandi telur sér aðeins hafa verið kunnur, en ekki annar taxti, hafi hann með þessu greitt stefnda kr. 175.99 meira en sér hafi borið, er miðað sé við þann uppskipunartaxta, er hann vissi um, upphæð, sem stefndi er krafinn um endurgreiðslu á í þessu máli. Kveðst stefnandi hafa innt af hendi greiðsluna undir þeirri forsendu að fá vöruna afhenta, en ekki fengið. Stefnandi hafi og viljað dylja sig þess, að Eimskip í Reykjavík hefði vörugjaldið í Reykjavík innifalið í uppskipunargjaldinu og reynt að blekkja sig um þetta með því að senda sér uppskipunartaxta Eimskips, en klippa ofan af honum orðin: „upp- og útskipun og móttaka með vörugjaldi innan lands“, til þess að stefnandi sæi ekki blekkinguna.

Hækkun sú á uppskipunargjaldinu úr 34 krónum á smálest upp í 50 krónur eða 47.06% hækkun frá 1. nóvember 1942 telur stefndi hafa verið ákveðna af sér umræddan 1. nóvember og auglýst þá á skrifstofu sinni og afgreiðsluplássi, en stefnandi telur hækkunina ekki gerða fyrr en svo, að hún komi í bága við lög nr. 99/1942 og auglýsingu $1\frac{1}{2}$ 1942, eða m. ö. o. að hækkunin sé ekki gerð fyrr en eftir 19. desember 1942. Þótt í mótmæltu vottorði pakkhúsmanns stefnda séu nokkrar líkur, sannar það ekkert um, að

stefndi hafi hækkað uppskipunina 1. nóvember, en hins vegar eru það nokkrar líkur fyrir því, að hann hafi ekki gert það fyrr en seinna, þar sem hann lætur ekki kaupmennina í bænnum vita af þessari hækkun, hvorki í bréfi til þeirra eða með auglýsingu birtri í einhverju blaði bæjarins fyrr en í janúar 1943. Var þó stefnda í hag að hafa fyrir hendi sannanir fyrir því, að hann hefði hækkað uppskipunargjaldið á þeim tíma, sem hann lét hækkunina gilda frá og a. m. k. hafa sannanir fyrir, að hann hefði hækkað gjaldið fyrir 19. desember 1942, — ef hann hefur gert það, — svo að hann yrði ekki tortryggður um að hafa hækkað gjaldið ólöglega eða um að hafa ekki hækkað gjaldið á þeim tíma, er hann rúmum 2 mánuðum síðar vildi láta hækkunina gilda frá. Af þessum ástæðum verður ekki séð fyrir vist, hvort stefndi hefur sett hækkunina á 1. nóvember eða eftir 19. desember 1942 eða einhvern tíma þar á milli. Þá heldur stefnandi því fram, að hækkunin sé ólögleg af því, að hún sé svo há, að okur geti kallast og alveg ástæðulaus, enda hafi kaupmannafélag Siglufjarðar kært 16. febrúar 1943 yfir hækkun uppskipunargjaldsins, er leiddi til þess, að stefndi varð að lækka uppskipunargjaldið í apríl 1943 niður í 40 krónur á smálest.

Bendir stefnandi á, að annars staðar sé uppskipuargjaldið hvergi nándar nærri eins hátt, og sé þó miklu ódýrara að koma hér vörum í afgreiðsluhúsið á hafnarbryggjunni frá skipshlið en í öðrum bæjum. Stefndi aftur á móti telur það dýrara hér vegna herra verkamannakaups. Það verður nú að viðurkenna með stefnanda, að þar sem alkunna er, að frá skipshlið við hafnarbryggju, er skipin, sem afgreiða á, leggjast við, og að bryggjuhúsinu, sem stefndi hefur afgreiðslu í, eru ekki nema fáeinir metrar, og því notorískt styttra að flytja vörurnar frá bryggju í afgreiðsluhús í Siglufirði en í öðrum kaupstöðum, ætti það frekar að leiða til ódýrara uppskipunargjalds hér en annars staðar.

Alkunna er, að grunnkaup verkafólks (líka í skipavinnu eða við uppskipun) hefur ekkert hækkað hér síðan í september 1942, og ætti því hækkun stefnda á uppskipunargjaldi, er hann lætur gilda frá 1. nóvember 1942, ef hún væri eðlileg og sanngjörn, að eiga stoð í hækkingu verkamannakaupi vegna hækkingu *visitölu*. Miðað við, að hækkun uppskipunargjaldsins hafi raunverulega verið gerð 1. nóvember 1942, er rétt að athuga hækkun *visitölu* á sama tíma. Eins og fyrr greinir, hækkaði októbertal, 250, í nóvember upp í 260, eða um 4%, samtímis því, að uppskipunargjaldið hækkar úr 34 krónum upp í 50 krónur á smálest hjá stefnda, eða um 47,06%.

Verður þetta að teljast mjög ósanngjarnt, en þó eigi gegn gildandi lögum, ef miðað er við, að hækkunin hafi raunverulega gerzt 1. nóvember, eins og stefndi heldur fram. Til þess að reyna að rétt-

læta þessa hækkun frá sanngirnnar sjónarmiði, hefur stefndi borið fyrir sig hærra kaupgjald hér en annars staðar, en þar sem útreikningum hans um þetta hefur verið mótmælt, enda er tíma-kaupið ekki einhlítur mælikvarði, ef hér er styttra og þar af leiðandi ódýrara að flytja vörur í afgreiðsluhús en annars staðar, enda er ómótmælt af stefnda þeirri fullyrðing stefnanda, að frá skips-hlið að afgreiðsluhúsi sé svo stutt, að bifreiðar þurfi ekki til flutnings varanna, eins og þurfi annars staðar, og geri þetta upp-skipunina hér kostnaðarminni en annars staðar. Verður því að telja, að þótt stefnda hafi eigi á nokkurn hátt tekizt að sýna fram á sanngirni hækkunar uppskipunargjaldsins, þá séu engin laga-ákvæði, sem banni stefnda að hækka uppskipunargjaldið svo mjög, ef hækkunin hafi farið fram fyrir 19. desember 1942 og um leið og vörurnar komu. Þetta verður að telja rétt, þótt stefnandi hafi, ómótmælt af stefnda, haldið fram, að önnur skipaafgreiðsla í Siglu-firði hafi aðeins tekið 34 krónur á smálest í uppskipunargjald af vörum, er komu til Siglufjarðar á sama tíma og umræddar vörur stefnanda.

Hins vegar verður að telja það skyldu stefnda að tilkynna slíka hækkun uppskipunargjaldsins helztu viðskiptamönnum, sem hafa rétt til að leggja hækkunina á vörurnar, sem þeir selja öðrum. Verður að telja, að til þess að slík hækkun sé gildandi gagnvart kaupmönnum, hafi stefnda borið að tilkynna slíka hækkun strax og stefndi lagði hana á, annað hvort með bréfi til helztu viðskipta-manna hans eða með auglýsingu í einhverju blaði bæjarins, en þar sem hann hafi hvorugt gert, heldur látið stefnanda, að því er framlagt vottorð allra verzlana í bænum, nema einnar, hermir, og aðra kaupmenn í bænum ekki vita af hækkuninni fyrr en í janúar 1943 og þeir ekki vitað af henni fyrr, þá leiði af því, að hækkunin gegn stefnanda gildi ekki fyrr en frá því í janúar 1943, er hann fær að vita um hækkunina, gildi m. ö. o. ekki fyrir vörur, er komu fyrr og þá því aðeins, að gildandi hækkunarreglum sé fylgt. Stefnandi hefur ómótmælt af stefnda haldið því fram, að stefndi afgreiddi vörur yfir 6000 smál. á ári, og myndi þá hækkunin ein yfir árið nema yfir 100000 krónum, og mismunur á hækkuninni yfir árið og því, sem hann lækkaði uppskipunargjaldið í apríl 1943, nema 60—70 þús. kr. Þar sem um svo mikilvægar fjáhags-ráðstafanir er að ræða, verður að telja það enn eðlilegra og sjálf-sagðara, að stefndi hefði látið stefnanda og helztu viðskiptamenn sína vita með tilkynningu eða auglýsingu, er hann hækkaði upp-skipunargjaldið svo mjög, eins og mál þetta ber með sér.

Stefnandi hefði því eigi þurft að greiða stefnda nema 34 krónur á smálest í uppskipunargjald, en þar sem hann hefur greitt stefnda meira án þess að fyrir liggja í máli þessu sannanir fyrir, að hann hafi greitt með fyrirvara, og fyrir, að hann hafi áskilið sér end-

urgreiðslurétt til þess ofborgaða, ber honum eigi réttur til endurgreiðslu.

Af þessum ástæðum verður eigi hægt að taka til greina kröfu stefnanda um að fá stefnda dæmdan til þess að greiða sér kr. 175.99 sem ofborgað, og ber því að sýkna stefnda af þeirri kröfu stefnanda.

Skaðabótakröfu stefnanda á stefnda, 2000 krónur, er eigi hægt að taka til greina þegar af þeirri ástæðu, að stefnandi hefur ekki svo mikið sem gert tilraun til þess að reyna að sanna, að hann hafi beðið tjón af haldi stefnda á vörum, því síður 2000 króna tjón. Ber því að sýkna stefnda líka af þeirri kröfu stefnanda.

Hins vegar ber að taka til greina kröfu stefnanda um, að stefndi skili stefnanda 90 sekkjum af fóðurmais og 15 stykkjum af pappírsumbúðum sem óskemmdri vöru, nema að svo miklu leyti, sem stefndi sannar, að varan hafi verið skemmd, er hún kom í geymslu hans. Stefndi hefur mótmælt þessari kröfu stefnanda og talið sig eigi bera ábyrgð á geymslu vörunnar og hefur í því skyni lagt fram farmskirteiniseyðublað með klausu um, að vörur, sem ekki séu sóttar strax, verði látnar í geymslu á ábyrgð og kostnað vörumótakanda. Farmskirteiniseyðublaðið tryggir ekki skipaafgreiðsluna fyrir ábyrgð á skemmdum á vöru, meðan geymd er, ef skipaafgreiðslan heldur vörunni fyrir móttakanda og hann fær ekki vöruna afhenta, þótt hann eigi heimting á, eins og á sér stað eftir niðurstöðu dóms þessa. Ber stefnda því að afhenda stefnanda vöruna í því ástandi, sem hún var í, þegar stefndi tók hana til geymslu og hélt henni ólöglega fyrir stefnanda og ber ekkert geymslugjald fyrir geymsluna. Líka verður að telja óheimilt hjá stefnda að halda vörum stefnanda, maismjöli og pappírsumbúðum, sem virðast hafa komið í nóvember 1942, eftir til tryggingar greiðslu uppskipunargjalds, kr. 152.60, af vörum, sem virðast hafa komið í febr. 1943.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda 300 krónur í málskostnað.

Dómarinn getur þess, að vegna veikinda og anna í opinberu máli hafi hann ekki getað kveðið dóminn upp fyrr.

Fyrir því dæmist rétt vera:

Stefndi, Þormóður Eyjólfsson, konsúll, Siglufirði, og skipaafgreiðslumaður, skili stefnanda að kostnaðarlausu 90 sekkjum af fóðurmais og 15 stykkjum af pappírsumbúðum í ekki lakara ásigkomulagi en varan var, er stefndi tók vöruna í geymslu.

Svo greiði stefndi stefnanda 300 krónur í málskostnað, en sé sýkn af frekari kröfum stefnanda.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.